# DV

# Miðvikudagur 1. nóvember

## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Bakþankar (11 mín). – Danskur þáttur um vinnustellingar. 2. Frönskukennsla fyrir byrjendur (5). –Entrée Libre, 15 mín.
17.50 **Töfraglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (23)** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndlokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Á tali hjá Hemma Gunn.** Hemmi Gunn mættur aftur í beinni útsendingu að venju og að sjálfsögðu með úrvals fólk sér við hlið. Stjórn útsendingar Björn Emilsson.
21.40 **Síðan þú fórst...** (Since You Went Away). Bandarísk bíómynd frá 1944. Leikstjóri John Cromwell. Aðalhlutverk Claudette Colbert, Jennifer Jones, Joseph Cotten og Shirley Temple. Myndin, sem gerð er eftir sögu Margaret Buell Wilder, segir frá fjölskyldu sem þarf að þreyja erfiða tíma meðan fjölskyldufaðirinn fer í stríðið. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Síðan þú fórst – framhald.**
0.35 **Dagskrárlok.**



## STÖÐ 2

15.35 **Morð í þremur þáttur.** Murder in Three Acts. Hercule Poirot er hér í höndum hins frábæra leikara Peters Ustinov. Jonathan Cecil fer með hlutverk Hastings. Myndin er byggð á samnefndri bók Agöthu Christie. Aðalhlutverk: Peter Ustinov, Tony Curtis, Emma Samms og Jonathan Cecil.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Ævintýri á Kýþeríu.**
18.20 **Sagnabrunnar.** Myndskreytt ævintýri fyrir yngstu áhorfendurna.
18.35 **Í sviðsljósinu.**
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Íslandskeppni áhugamanna í kvikmyndagerð. Stöð 2, Japis og Hótel Loftleiðir efndu til samkeppni áhugamanna um kvikmyndagerð í haust. Sýnt verður frá verðlaunahátíðinni sem fram fór í bíósalnum Nesi á Hótel Loftleiðum 29. október síðastliðinn. Að lokum verður myndin, sem hlaut fyrstu verðlaun, sýnd.**
**21.00** **Framtíðarsýn.** Beyond 2000. Fræðsluþáttur.
21.45 **Ógnir um óttubil.** Midnight Caller. Bandarískur spennumyndaflokkur þar sem glæpamál eru leyst á óvenjulegan máta. Aðalhlutverk: Gary Cole, Wendy Kilbourne, Arthur Taxier og Dennis Dun.
22.35 **Kvikan.** Viðskiptaþáttur þar sem leitað er fanga jafnt utanlands sem innan. Umsjón: Sighvatur Blöndahl.
23.05 **Í ljósaskiptunum.** Twilight Zone.
23.30 **Á tvennum tímum.** Time After Time. Aðalhlutverk: Malcom McDowell, David Warner og Mary Steenburgen. Bönnuð börnum.
1.20 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Guðmundur Óskar Ólafsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Mörður Árnason talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Neytendapunktar.** Hollráð til kaupenda vöru og þjónustu og baráttan við kerfið. Umsjón: Björn S. Lárusson. (Einnig útvarpað kl. 15.45.)
9.20 **Morgunleikfimi.** með Halldóru Björnsdóttur. 9.30 Landpósturinn – Frá Norðurlandi Umsjón: Þorkell Björnsson.
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Þingfréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Úr söguskjóðunni** – Ameríka í augum Íslendinga um 1870 er vesturferðirnar hófust. Umsjón: Helga Steinunn Hauksdóttir.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá miðvikudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Mörður Árnason flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Kvennaþáttur. Klám og erótík. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Svona gengur það eftir Finn Søeborg. Ingibjörg Bergþórsdóttir þýddi. Barði Guðmundsson les. (8)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Einar Guðmundsson og Jóhann Sigurðarson.
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Samantekt um innviði þjóðkirkjunnar.** Umsjón: Sigrún Björnsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
15.45 **Neytendapunktar.** Umsjón: Björn S. Lárusson. (Endurtekinn þáttur frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Hvenær eru frímínútur í Hvassaleitisskólanum? Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi eftir Jean Sibelius.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Kári litli í skólanum eftir Stefán Júlíusson. Höfundur les. (8)
20.15 **Frá tónskáldaþinginu í París 1989.** Sigurður Einarsson kynnir.
21.00 **Stiklað á stóru um hlutleysi,** hernám og hervernd. Þriðji þáttur endurtekinn frá mánudagsmorgni. Umsjón: Pétur Pétursson.
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Elísabet Erlingsdóttir syngur lög eftir Þórarin Jónsson, Atla Heimi Sveinsson og Pál P. Pálsson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Aldahvörf** – Brot úr þjóðarsögu. Fjórði þáttur af fimm: Upphafsár ungmenna- og íþróttafélaga á Íslandi. Handrit og dagskrárgerð: Jón Gunnar Grjetarsson. Höfundur texta: Guðni Halldórsson. Lesarar: Knútur R. Magnússon og Margrét Gestsdóttir. Leiklestur: Arnar Jónsson, Jakob Þór Einarsson og Broddi Broddason.
23.10 **Nátthrafnaþing.** Málin rædd og reifuð. Umsjón: Ævar Kjartansson og Ólína Þorvarðardóttir.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2
FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Úr myrkrinu, inn í ljósið. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun. 9.03 Morgunsyrpa. Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55. (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03 og gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson kl. 15.03
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu sími 91- 38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin.** Fylgst með og sagðar fréttir af íþróttaviðburðum hér á landi og erlendis.
22.07 **Lísa var það,** heillin. Lísa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist. (Úrvali útvarpað aðfaranótt þriðjudags kl. 5.01.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Slægur fer gaur með gígju.** Magnús Þór Jónsson rekur feril trúbadúrsins Bobs Dylan. Sjöundi og síðasti þáttur. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi á rás 2.)
3.00 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á rás 1.)
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Á þjóðlegum nótum.** Þjóðlög og vísnasöngur frá öllum heimshornum.

## FM 98·9 BYLGJAN

7.00 **Sigursteinn Másson og Haraldur Kristjánsson.** Morgunhanar Bylgjunnar koma öllum réttum megin fram úr. Mannlegt spjall með fréttaívafi og tónlist.
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Morgunþáttur með léttu ívafi. Vinir og vandamenn á sínum stað kl. 9.30. Létt og skemmtilegt spjall við fólkið. Tónlistin ykkar.
12.00 **Valdís Gunnarsdóttir** í rólegheitunum í hádeginu. Afmæliskveðjur á sínum stað frá 13.30–14.00. Skemmtileg tónlist og mannlegi þátturinn tekinn fyrir. Flóamarkaður í 15 mínútur í síma 611111 í hádeginu.
15.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Daddi gerir öllum til hæfis, tónlist og grín. Slegið á léttu strengina.
19.00 **Snjólfur Teitsson** í kvöldmatnum.
20.00 **Haraldur Gíslason með öll fallegu rólegu lögin og Halli er duglegur að svara í símann.**
**24.00 Dagskrárlok.**

## STJARNAN
FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Ungir Íslendingar í spjalli. Bjarni er hress á morgnana.
11.00 **Snorri Sturluson.** Það fer ekkert fram hjá Snorra. Síminn er 622939.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Siggi er alltaf hress.
19.00 **Stanslaus tónlist.** Ekkert kjaftæði!
20.00 **Kristófer Helgason.** Síminn er 622939
1.00 **Björn Þórir Sigurðsson.** Næturvakt sem segir sex.

## AÐALSTÖÐIN
FM 90,9

07.00 **Morgunmenn** taka fyrir allar upplýsingar sem þú þarft á að halda árla dags. Viðtöl við fólk sem hefur frá skemmtilegum hlutum að segja. Umsjónarmenn: Þorgeir Ástvaldsson og Ásgeir Tómasson.
09.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Í þættinum kennir ýmissa grasa. Skemmtilegt fólk lítur inn og tekin eru öðruvísi viðtöl. Húsgangar eru á sínum stað og margs konar fróðleikur er lagður fram.
12.00 **Hádegisútvarp** í umsjón Þorgeirs Ástvaldssonar og Ásgeirs Tómassonar. Fréttir, viðtöl, fréttatengt efni ásamt öllu sem skiptir einstaklinginn máli.
13.00 **Tökum við lífinu með ró** og hugsum um allt það besta. Kántrítónlistin á sínum stað. Umsjón Bjarni Dagur Jónsson.
16.00 **Dæmalaus veröld.** Nýr og betri heimur. Tekið á þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni. Eiríkur Jónsson.
18.00 **Plötusafnið mitt.** Það verður gestkvæmt á þessum tíma. Fólk með skemmtilegan tónlistarsmekk lítur inn og spilar sína tónlist og segir léttar sögur með.
19.00 **Anna Björk Birgisdóttir** er mætt til skrafs og ráðagerða með ýmis mál. Inn á milli má heyra þá tónlist sem hentar öllu fólki.
22.00 **Sálartetrið.** Já, nú er skyggnst undir yfirborðið og farið í málefni sálarinnar, hugans og hjartans. Umsjón. Inger Anna Aikman.

## ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **FÁ.**
18.00 **MS.**
20.00 **MR.**
22.00 **FB.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## EFFEMM 95,7

7.00 **Benni Elfar.**
10.00 **Kristján Jónsson.**
13.00 **Arnór Björnsson.**
15.00 **Finnbogi Gunnlaugsson.**
17.00 **Ívar Guðmundsson.**
19.00 **Gunni Mekkinósson.**
**22.00** **Árni Vilhjálmur Jónsson.**
3.00 **Arnar Þór Óskarsson.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Í miðri viku.** Fréttir af íþrótta- og félagslífi.

## SKY One

5.30 **Viðskiptaþáttur.**
6.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
9.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
12.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
16.00 **Poppþáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
19.00 **Hey Dad.** Fræðslumyndaflokkur.
19.30 **Mr. Belvedere.** Gamanþáttur.
20.00 **Rich, Man, Poor Man,** Framhaldssería.
21.00 **Falcon Crest.** Framhaldsþáttur.
22.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
23.00 **Fréttir.**
23.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
00.30 **Popptónlist.**

## EUROSPORT

9.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
10.00 **Golf.** Volvo Masters á Valderrama golfvellinum á Spáni.
11.00 **Rugby.** Keppni milli Newport og Nýja-Sjálands.
12.00 **Frjálsar íþróttir.** Helstu atburðir á World Cup á Spáni.
13.00 **Tennis.** 32 bestu tennisleikarar í heimi keppa í Paris Open.
17.00 **Acrobatic.** Heimsmeistarakeppni sem fram fer í Sovétríkjunum.
18.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
19.00 **Tennis.** 32 bestu tennisleikarar í heimi keppa í Paris Open.
21.00 **Fótbolti.** Leikir í Evrópukeppnunum þremur.
23.00 **Tennis.** 32 bestu tennisleikarar í heimi keppa í Paris Open.

## SUPER CHANNEL

14.00 **Look Out Europe.**
14.30 **Vinsældalistatónlist.**
15.30 **The Global Chart.** Popptónlist.
17.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
18.30 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.
19.00 **The World Tonight.** Blandaður fréttaþáttur.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.10 **The World Tonight.** Blandaður fréttaþáttur.
23.10 **Fréttir, veður og popptónlist.**
23.20 **The Mix** Konsertar, myndbönd o.fl.
00.20 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.



**Ævar Kjartansson og Ólína Þorvarðardóttir munu taka starfshætti verkalýðsfélaga í verkföllum til umræðu á Nátthrafnaþingi.**

### Rás 1 kl. 23.10:

## Kunna menn að slást?

Í Nátthrafnaþingi verður varpað ljósi á starfsaðferðir stéttarfélaga á Íslandi. Ævar Kjartansson og Ólína Þorvarðardóttir ætla að ræða við aðila sem hafa komið nærri verkfallsátökum, s.s. formenn stéttarfélaga og viðsemjendur þeirra. Ólína segir að kannað verði hvort ástæða sé til þess að endurskoða starfshætti þeirra sem tengjast verkfallsmálum. Fréttamennirnir munu ræða við menn sem nýlega hafa gengið í gegnum verkfallsaðgerðir. Undirtitill Nátthrafnaþings í kvöld ber heitið, Kunna menn að slást?

-ÓTT

### Rás 1 kl. 22.20:

## Íþróttafélög í ljósi breyttrar búsetu

Íþróttasaga Íslendinga á þessari öld verður tekin til umfjöllunar á lifandi hátt í kvöld. Flytjendur eru Arnar Jónsson, Jakob Þór Einarsson, Margrét Gestsdóttir, Knútur R. Magnússon og Broddi Broddason. Greint verður frá þróun íþróttamála með tilliti til breyttrar búsetu. Einnig verða þátttöku Íslendinga á ólympíuleikunum á árunum 1908 og 1912 gerð skil. Fjallað verður um fyrstu íþróttamótin hérlendis og viðbrögð almennings við þeim. Jón Grjetar Gunnarsson, umsjónarmaður þáttarins, og Guðni Halldórsson handritshöfundur leitast einnig við að fjalla um íþróttafélög á Íslandi í ljósi breyttra aðstæðna vegna búsetu.

-ÓTT



**Aðalleikararnir í Ógnir um óttubil. Fyrir miðju er Gary Cole er leikur Jack Killian. Wendy Kilbourne leikur útvarpsstjórann Devon King, Billy Po aðstoðarmann hans og Arthur Taxier lögregluforingja sem er vinur Killians.**

### Stöð 2 kl. 21.45:

## Ógnir um óttubil

Spennumyndaflokkurinn Ógnir um óttubil (Midnight Caller) hefur fengið ágætar viðtökur áhorfenda, enda er hér um nokkuð sérstaka þáttaröð að ræða. Aðalpersónan er útvarpsmaður, Jack Killian sem er með þátt frá miðnætti til þrjú um nótt og tekur hann fyrir í þáttum sínum ýmis félagsleg vandamál og leyfir fólki að hringja í sig og bera á borð fyrir áheyrendur vandmál sín. Killian er fyrrverandi lögreglumaður og lendir því oft í sakamálum eins og í þættinum í kvöld þegar hann verður vitni að bankaráni.

-HK

### Stöð 2 kl. 23.05:

## Í ljósaskiptunum

Fyrsti þátturinn í vinsælum framhaldsmyndaflokki frá sjötta áratugnum hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Steven Spielberg varð mjög hrifinn af þessum þáttum og hefur látið gera aðra þætti byggða á sömu atburðum.

Söguhetjan nefnist James Corry og er leikinn af Jack Warden. Hann er sakaður um morð og dæmdur. Honum er gert að afplána 40 ára fangavist á yfirgefnum stað í geimnum. Hann verður brátt mjög einmana. Sá sem kemur að vitja hans fær samúð með honum og kemur með óvænta gjöf til hans – vélmenni sem heitir Alicia. Hún lítur út eins og kvenmaður og getur talað.